

Fundargerð

168. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn **9. nóvember 2009 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi frá Má Hermannssyni.
2. Fyrirspurn Hermanns Hermannssonar
3. Auglýsing um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra.
4. Erindi frá Sveitarstjóra.

Afgreiðslur:

1. Erindi frá Má Hermannssyni kt: 280465-5859, sækir um leyfi til að setja niður skúr á jörðinni Reynhólum lnr. 144145, skv. meðfylgjandi skissum. Með fylgir samþykki landeiganda. Afgreiðslu frestað þar til fullnægjandi gögn hafa borist.
2. Fyrirspurn frá Hermanni Hermannssyni um byggingu sumarhúss á lóð nr. 8 í Brautarhöfðavík í landi Stóru-Borgar. Ráðið tekur jákvætt í fyrirspurnina.
3. Skipulags- og umhverfisráð hefur endurskoðað Auglýsingu um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra og vísar nýrri tillögu til afgreiðslu sveitarstjórnar.
4. Sveitarstjóri f.h. Byggðarráðs óskar eftir skoðun Skipulags- og umhverfisráðs á erindi hreppsnefndar Bæjarhrepps vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins 1995-2015. Ráðið frestar afgreiðslu og óskar eftir betri gögnum..

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 19:00.

Guðmundur St. Sigurðsson(sign).

Jóhannes Erlendsson(sign).

Erla Björg Kristinsdóttir(sign).

Víglundur Gunnþórsson(sign).

Halldór Sigfússon(sign.).

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).

Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).